

ÍSAFJARÐARBÆR

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið	
Séfn. / Innk.	10.7.2
10. JÚLÍ 2008	
Áttm.	#6
SI.R	08040158

Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneytið,
BYGGÐAKVÓTI 2007/2008,
Skúlagötu 4,
150 REYKJAVÍK.

Ísafirði, 8. júlí 2008
2008040081

Efni: Reglugerð nr. 605, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008.

Á fundum bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 30. júní og 7. júlí s.l., var fjallað um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiaríð 2007/2008 með tilvísun til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis dagsettu 27. júní 2008. Í bréfi ráðuneytisins kemur fram, að vilji sveitarstjórn leggja til að sjávarútvegsráðherra setji sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í tilteknum byggðarlögum skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 14. júlí n.k. Á fundi bæjarráðs þann 7. júlí s.l., var samþykkt að senda ráðuneytinu neðangreindar tillögur, breytingar/viðauka, Ísafjarðarbæjar við ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008.

Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:

- a) Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Ísafjarðar, samtals 70 þorskígildislestum, skal úthlutað til skel- og rækjuveiðibáta þannig:
26 þorskígildislestir koma í hlut skelveiðibáta og 44 þorskígildislestir koma í hlut rækjuveiðibáta.
Skipting byggðakvótans milli skelveiðibáta verður jöfn, en skipting milli einstakra rækjuveiðibáta verður í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra í rækju þann 1. september 2007. Fiskiskip sem fá úthlutað samkvæmt þessum lið geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiarí.
- b) Öðrum úthlutaðum byggðakvóta verður skipt þannig að af 129 þorskígildislestum sem úthlutað var á Ísafjarðarbæ koma:
58 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Ísafirði.
19 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Þingeyri, auk þeirra 17 þorskígildislesta, sem er sérúthlutað til Þingeyrar.
52 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Suðureyri, auk þeirra 20 þorskígildislesta sem er sérúthlutað á Suðureyri.

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Samkvæmt sérúthlutun koma:

34 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa í Hnífsdal.

104 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Flateyri.


c) Ákvæði í 4. grein reglugerðar nr. 605, um hámarksúthlutun 15 þorskígildistonn til einstaks fiskiskips/báts, verði fellt úr gildi hvað varðar úthlutanir byggðakvóta í Ísafjarðarbæ.

Viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 605, er felast í tillögum Ísafjarðarbæjar, eru að mestu eins og sérákvæði Ísafjarðarbæjar voru endanleg hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2006/2007, að undanskilinni algjörrí sérmeðferð hvað varðaði Þingeyri. Hvað a lið varðar, þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiar, aðeins breytingar á tonnatölum með tilvísun til breyttrar heildarúthlutunar til Ísafjarðar. Í b lið er sama grundvallarreglan og var á síðasta fiskveiðiarí, þar sem ekki er gerð tillaga um að breyta sérúthlutunum á einstaka byggðarlög, aðeins er skipt upp þeim byggðakvóta sem merktur er Ísafjarðarbæ í heild sinni. Þeim kvóta er nú skipt upp á milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Þingeyrar. Hugsunin að baki því að skipta þeim 129 þorskígildislestum með þessum hætti, er að leitast við að jafna meðalúthlutun til einstakra fiskiskipa/báta. Hlutfall landaðs afla ræður þó mestu þegar upp er staðið.

Tillaga í c lið um að aftengja hámarksúthlutun 15 þorskígildistonn til einstakra fiskiskipa/báta með tilvísun til 4. greinar reglugerðar nr. 605, er rökstudd með þeirri hugsun, að þá fái þeir aðilar, er landað hafa hvað mestum afla á viðkomandi viðmiðunartímabili, meira í sinn hlut en aðrir. Að baki þessari tillögu eru og ákvæði þau er felast í 6. grein reglugerðarinnar nr. 605, um endanlega úthlutun og vinnslu.

Tillögum Ísafjarðarbæjar hvað varðar skiptingu byggðakvóta fiskveiðiarársins 2007/2008, er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt



Þorleifur Pálsson

- bæjarritari -



15. JUL. 2008 15:04:11

SÍJAVARUTVEGSRÁÐUNEYTIÐ
ÍSAFJARÐARBÆRNO. 129 P. 1¹NO. 129
P. 1¹
Stofn. 3
Steinnik Guðjónsson

ÍSAFJARÐARBÆR

Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneytið,
BYGGÐAKVÓTI 2007/2008,
Skúlagötu 4,
150 REYKJAVÍK.Ísafirði, 14. júlí 2008
2008040081
/-

SÍJAVARUTVEGSRÁÐUNEYTIÐ	
SW. N.	10.7.2
Júrk.	
15. JÚLÍ 2008	
Átt.	H6
SÍ.R	08040158

Efni: Reglugerð nr. 605, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008. Breyting frá bréfi dagsettu 8. júlí s.l.

Í bæjarráði Ísafjarðarbæjar í gær 14. júlí, sem nú starfar með umboð bæjarsjórnar í júlí og ágúst, var ákveðið að breyta tilhögun um skiptingu þeirra 129 þorskígildistonna er komu í hlut Ísafjarðarbæjar við úthlutun byggðakvótans 2007/2008. Ákveðið var að hlutfallaskipta þeim kvóta út frá sérúthlutunum á hvert byggðalag. Þá væru skiptin samkvæmt b lið í bréfinu frá 8. júlí s.l. svohljóðandi:

Hnífsdalur 13,9% eða 17,9 þorskígildistonn.
Ísafjörður 28,6% eða 36,9 þorskígildistonn.
Suðureyri 8,2% eða 10,6 þorskígildistonn.
Flateyri 42,4% eða 54,7 þorskígildistonn.
Þingeyri 6,9% eða 8,9 þorskígildistonn.

Þessi úthlutun kemur til viðbótar þeim kvóta er byggðalögin höfðu áður fengið í úthlutun ráðuneytisins, nema hvað varðar Ísafjörð þá fara 70 þorskígildistonnin á skel- og rækjubáta, en þau 36,9 þorskígildistonn, sem koma úr Ísafjarðarbæjarpotti fara á önnur skip og báta.

Skipting samkvæmt b lið í bréfi til ráðuneytisins þann 8. júlí s.l. fellur því úr gildi hér með.

Virðingarfyllt

Þorleifur Pálsson

- bæjarritari -

STJÓRNSÝSLUHÚSÍÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFIJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60